

AUGLÝSING

um skatteftirlit skattstjóra Vesturlandsumdæmis og skattstjóra Norðurlandsumdæmis eystra.

1. gr.

Fjármálaráðherra hefur ákveðið að fela skattstjóra Norðurlandsumdæmis eystra og skattstjóra Vesturlandsumdæmis að fara með skatteftirlit utan eigin umdæma, sbr. 2. gr. auglýsingar þessarar. Skatteftirlitið tekur til allra skatta og gjalda, sem skattstjórum er falið eftirlit með samkvæmt reglugerð nr. 373/2001.

2. gr.

Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi eystra skal auk skatteftirlits í eigin umdæmi annast skatteftirlit í Norðurlandsumdæmi vestra og Austurlandsumdæmi í samráði við skattstjóra viðkomandi umdæmis

Skattstjórinn í Vesturlandsumdæmi skal auk skatteftirlits í eigin umdæmi annast skatteftirlit í Vestfjarðumdæmi, Suðurlandsumdæmi og umdæmi skattstjórans í Vestmannaeyjum í samráði við skattstjóra viðkomandi umdæmis.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er með vísan til 4. ml. 1. mgr. 102. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 8. mars 2005.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Ragnheiður Snorradóttir.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Siglufjarðarkaupstað árið 2005.

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki á Siglufirði.

3. gr.

Gjaldið er sem hér segir:

	kr.
a) Íbúðir	8.500 á íbúð
b) Fyrirtæki,	
flokkur A: Allra stærstu fyrirtækin greiða eftir vigt.	
flokkur B: Stór fyrirtæki sem ekki gr. e. vigt	163.000
flokkur C: Fremur stór fyrirtæki	95.000
flokkur D: Meðalstór fyrirtæki	58.000
flokkur E: Lítil fyrirtæki	37.000
flokkur F: Lágmarksgjald, minnstu rekstraraðilar	8.500

Bæjarstjórn skipar rekstraraðilum í flokka, m.a. eftir magni úrgangs.

Fyrirtæki í flokki A greiða eftir magni og umfangi skv. eftirtöldu án VSK:

	kr.
1. Fyrir timbur móttækið í gám á gámasvæði	10.300 á tonn
2. Fyrir brotajárn móttækið í gám á gámasvæði	4.600 á tonn
3. Fyrir óflokkaðan úrgang móttækið í gám á gámasvæði	11.400 á tonn
4. Fyrir steypu – og múrbrot, gler, jarðveg o.þ.h. grófan úrgang	400 á m ³

Skila skal vigtarseðlum frá hafnarvog á móttökustað og er vigtarkostnaður innifalinn í verði.

Sorphirðugjöld vegna íbúða eru innheimt með fasteignagjöldum.

Gjald dagar sorphirðugjalda eru fimm fyrir fyrirtæki, og fimm fyrir íbúðir.

Íbúar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

Innheimta samkvæmt gjaldskrá þessari er gerð með sérstökum reikningi og er eindagi 30 dögum eftir útgáfu hans.

4. gr.

Úrgangur án gjaldtöku og skilagjald.

Tekið er á móti úrgangi sem úrvinnslugjald er lagt á, án endurgjalds svo sem hjólbörðum og spilliefnum.

Greitt er skilagjald, 15.000 kr., hverjum þeim sem afhendir gjaldskytt ökutæki á gámasvæðið til endurnýtingar eða endanlegrar förgunar, enda hafi ökutækið verið afskráð og úrvinnslugjald greitt a.m.k. einu sinni af viðkomandi ökutæki.

5. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar 17. febrúar 2005 með heimild í ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Siglufirði, 18. febrúar 2005.

Sigurður Hlöðversson, skipulags- og byggingarfulltrúi.